

Nd.

170. Frumvarp til laga

[83. mál]

um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Styrktarsjóðum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Mótórvélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskreytamanna, Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægir, Reykjavík, Félags bryta, Kvenfélagsins Keðjan og Kvenfélagsins Hrönn er heimilt að taka húseignina Bárugötu 11 í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meðan skortur er á íbúðarhúsnæði í Reykjavík, verður að áleti flutningsmanna frumvarpsins að fara mjög varlega í það að taka íbúðarhúsnæði til annarra nota, nema alveg sérstaklega standi á. Og hér stendur vissulega nokkuð sérstaklega á. Mörg þeirra félagsamtaka, sem hér eiga hlut að máli, svo og Sjómannablaðið „Vikingur“, hafa leiguhúsnæði víðs vegar um bæinn, en telja sér það ýmist óhentugt eða ófullnægjandi. Nú eiga þau kost á að fá einbýlishúsið Bárugötu 11 í Reykjavík keypt til sameiginlegra nota fyrir félagsstarfsemi nefndra samtaka. Hér er því um að ræða skipti á húsnæði því, sem félögin hafa haft, og því, sem þau hyggjast nú kaupa, ef þeim verður heimilaður notaréttur af því til annars en íbúðar. Þó er rétt að geta þess, að verði af kaupunum, mundi verða í húsinu ein fjölskylduíbúð, þ. e. íbúð húsvarðar. Verður hún á kjallarahæð hússins.

Af þessu er ljóst, að við þá notkun hússins Bárugötu 11, sem hér er farið fram á, losnar aftur húsnæði á ýmsum stöðum í bænum, sem félögin hafa áður notað.

Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannablaðið „Vikingur“ og flest framangreind félög leggja á það höfuðáherzlu að geta fengið til starfsemi sinnar húsnæði undir einu þaki, sem allra næst höfninni, þar eð starfsemi þeirra er mjög tengd við skip og höfn.

Um það er ekki hægt að deila, að nauðsyn þessara félagsamtaka fyrir hagkvæmt húsnæði er brýn, enda hefur Alþingi áður veitt Vinnuveitendasambandi Íslands og styrktarsjóðum Múrarafélags Reykjavíkur og Félags íslenzkra rafvirkja sams konar fyrirgreiðslu um afnotarétt húsnæðis til félagsstarfsemi sinnar og farið er fram á í frumvarpi þessu fyrir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og allmörg önnur fjölmenn og víðtæk félagsamtök.